

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2022, miðvikudaginn 23. febrúar haldinn 399. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og í fjarfundabúnaði og hófst kl. 08:45. Mættir: Diljá Ámundadóttir Zoega Reykjavík, Björg Fenger Garðabæ og Ásgeir Sveinsson Mosfellsbæ. Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi boðaði forföll. Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Einar Bjarnason, rekstrarstjóri skíðasvæðanna, Andrés B Andreason fjármálastjóri ÍTR, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Uppbygging á skíðasvæðum.

Á fundinn komu Ari Wendel og Guðmundur Guðjónsson frá Skíðaráði Reykjavíkur og kynntu áherslur og hvað betur mætti fara á skíðasvæðunum að mati Skíðaráðsins ásamt því að óska eftir samráði við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Samstarfsnefndin þakkar fyrir kynninguna en áframhaldandi umræða fer fram á aukafundi samstarfsnefndarinnar um miðja næstu viku.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH sat fundinn undir þessum lið.

- kl. 08:50 komu Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði og Halla Karí Hjaltested Kópavogi á fundinn.

2. Lagt fram bréf Sigurðar Sveins Nikulássonar dags. 16. febrúar 2022 með ósk um leyfi fyrir bjórsölu í Bláfjöllum og Skálafelli um páskana.

- kl. 09:40 vék Ómar Einarsson af fundi.

3. Lögð fram drög að rekstrarniðurstöðu skíðasvæðanna fyrir árið 2021 – trúnaðarmál.

- kl. 09:50 vék Kristín María Thoroddsen af fundi

4. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 18. febrúar 2022 um stöðuna í fjöllum. 11. febrúar var Covid aflétting í fjöllum og þá þurftu viðskiptavinir ekki lengur að panta sér tíma í fjallið. Þjónustuver Reykjavíkurborgar tók við símsvörun fyrir skíðasvæðin, sem mun bæta svarhlutfall til muna. Allt rafmagn fór af Bláfjöllum 2. febrúar og tók þá við rafstöð sem fór í gang eftir 30 sek. Skálafell opnaði 29. janúar og hefur það gengið vel. 16.-18. febrúar var vetrarfrí í grunnskólum Reykjavíkur og var gríðarleg aðsókn þá daga. Var svæðið opnað fyrir þessa daga, eða klukkan 12:00.

5. Rafmagn fór af í Bláfjöllum og Skálafelli í gær, 22. febrúar. Veitur vinna að viðgerð en ekki er reiknað með að hægt verði að opna skíðasvæðin fyrir en í fyrsta lagi um næstu helgi.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að vera í sambandi við Veitur vegna þessa.

Fundi slitið kl. 10:10.

Diljá Ámundadóttir Zoega

Björg Fenger
Halla Karí Hjaltested

Ásgeir Sveinsson

fsk. með fundargerð
Minnisblað framkvæmdastjóra dags. 18. feb. 2022